

**Skýrsla nefndar
um stöðu fiskvinnslukvenna
og áhrif nýrrar tækni
á atvinnumöguleika þeirra**



Apríl 2002

Sjávarútvegsráðherra
Árni M. Mathiesen
Sjávarútvegsráðuneytinu
Skúlagötu 4
150 Reykjavík


3. apríl 2002


Hinn 18. október 2000 skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd til að safna upplýsingum um stöðu fiskvinnslunnar að því er varðar atvinnumöguleika kvenna og áhrif nýrrar tækni á atvinnugreinina og á atvinnumöguleika. Skipun nefndarinnar var liður í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998

Nefndina skipuðu Ásgerður Halldórsdóttir, sem jafnframt var formaður, Ármann Kr. Ólafsson og Hulda Lilliendahl.

Nefndin hefur nú lokið störfum og fylgir hér með skýrsla hennar ásamt niðurstöðum könnunar sem sem gerð var meðal fiskvinnslukvenna víðs vegar um landið.

Virðingarfyllst,


Ásgerður Halldórsdóttir
formaður


Ármann Kr. Ólafsson


Hulda Lilliendahl

Inngangur

Í þessari skýrslu sem hér er lögð fram er fjallað um hvaða áhrif atvinnu- og þjóðfélagsbreytingar á undanförunum árum hafi haft á stöðu kvenna á landsbyggðinni og þar með á möguleika þeirra til náms og atvinnu.

Skipan nefndarinnar

Í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar frá 1998 um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd, en í skipunarbréfi nefndarinnar kemur fram að nefndinni sé ætlað að “að safna upplýsingum um stöðu fiskvinnslunnar að því er varðar atvinnumöguleika kvenna og áhrif nýrrar tækni á atvinnugreinina og á atvinnumöguleika”.

Nefndin var skipuð 18. október 2000 og í henni sátu Ásgerður Halldórsdóttir, viðskiptafræðingur, formaður, Hulda Lilliendahl, verkefnastjóri í sjávarútvegsráðuneytinu og Ármann Kr. Ólafsson, aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra.

Starf nefndarinnar

Á fyrsta fundi nefndarinnar var fjallað um verksvið hennar. Ef litið er á erindisbréf nefndarinnar, má draga saman hlutverk nefndarinnar og markmið á eftirfarandi hátt: Að safna upplýsingum um stöðu fiskvinnslunnar að því er varðar atvinnumöguleika kvenna og áhrif nýrrar tækni á atvinnugreinina og þá atvinnumöguleika. Einnig var nefndinni ætlað að safna upplýsingum um menntun þeirra kvenna sem þar starfa, félagslega stöðu þeirra o.fl. þannig að hægt sé að meta möguleika þeirra til starfsþjálfunar og endurmenntunar.

Nefndarmenn voru sammála um að verksvið nefndarinnar væri skilyrt við að safna upplýsingum um stöðu fiskvinnslunnar að því er varðar atvinnumöguleika kvenna og áhrif nýrrar tækni á þá og á atvinnugreinina.

Nefndin hafði til hliðsjónar skýrslu nefndar um framtíðarmöguleika fiskvinnslunnar sem skilaði álit í september 2001, þar sem meðal annars var farið ítarlega ofan í áhrif nýrrar tækni á atvinnugreinina og þá atvinnumöguleika.

Nefndin hefur á rúmlegu einu ári eða frá október 2000 haldið 16 fundi. Tók nefndin strax þá ákvörðun að láta gera könnun meðal fiskvinnslukvenna og réði til þess Álfhildur Hallgrímsdóttur meistaránema við Háskóla Íslands. Framkvæmdi hún upplýsingaöflun fyrir nefndina um menntun og félagslega stöðu kvenna sem starfa innan fiskvinnslunnar, þannig að hægt væri að meta möguleika þeirra til starfsþjálfunar og endurmenntunar. Saminn var staðlaður spurningalisti með 28 spurningum fyrir fiskvinnslukonur víða um land í því skyni að afla framangreindra upplýsinga og ræða við forsvarsmenn viðkomandi fyrirtækja. Valin voru 16 fiskvinnslufyrirtæki sem síðan voru heimsótt. Stuðst var við “handvalið” úrtak og heimsókn á staðina, fyrst og fremst til að auðvelda eftirfylgni svörunar. Öllum reglum og skilyrðum um trúnað ásamt nafn- og fyrirtækjaleynd er stranglega fylgt svo og tilskilinni eyðingu gagna, en leyfi Persónuverndar reyndist ekki nauðsynlegt.

Helstu niðurstöður

Könnunin gefur ekki miklar óvæntar vísbendingar. Vitað var að menntunarstig er almennt tiltölulega lágt innan fiskvinnslunnar. Um 60% þátttakenda hefur starfað innan fiskvinnslunnar í áratug og þaðan af lengur og gefur það vísbendingu um að mörg fiskvinnsluhúsanna búi yfir vel þjálfuðum eða "sérhæfðum" og reynslumiklum kjarna starfskvenna.

Þá er ljóst að brýna nauðsyn ber til að bæta aðgengi að endurmenntun og auka framboð hennar og efla vitund í þá átt meðal fiskvinnslukvennanna, þar sem einungis um 34% svarenda telja sig hafa mjög eða frekar mikla möguleika á endurmenntun. Einnig mætti gjarnan, eins og nokkrar kvinnanna koma inn á í athugasemdum sínum, stuðla að aukinni fræðslu og bættri ímynd fiskvinnslunnar meðal almennings.

Athyglisvert er að sjá að mikill meirihluti kvinnanna eða 89% telur sig vera mjög eða frekar ánægðan í starfi. Þó telur aðeins liðlega helmingur þeirra sig oft eða stundum fá stuðning eða hvatningu frá yfirmönnum sínum, telur starfið líkamlega erfitt og einhæft með nánast engu svigrúmi til frumkvæðis eða sjálfstæðra vinnubragða. Einnig að tækifæri til að vinna sig upp í starfi séu afar fá. Þannig virðist mega draga þá ályktun að launin séu einn helsti starfshvatinn.

Vissulega eru margir þættir sem tengjast starfsánægju þar sem starf fólks er mjög margbrotinn og yfirgripsmikill þáttur í lífi þess. Ekki er ólíklegt, svo eitthvað sé nefnt, að tiltölulega góð starfsaðstaða, að mati meirihlutans, tengist starfsánægju viðkomandi kvenna ásamt því að hjá flestum þeirra gengur yfirleitt vel að samræma fjölskyldu- og einkalíf gagnvart vinnunni. Reyndar er ekkert einhlítt í þessum efnum þar sem t.d. tvær af þeim tuttugu konum, sem segja að frekar erfiðlega gangi að samræma fjölskyldu- og einkalíf gagnvart vinnu, segjast mjög ánægðar í sínu starfi og tólf þeirra segjast frekar ánægðar.

Einn var sá þáttur sem mjög gjarnan mátti skynja í heimsóknum á stöðunum og kom sömuleiðis sterkt fram hjá þeim konum, sem náðist að ræða við meðfram könnuninni, en það var góður starfsandi meðal fiskvinnslukvennanna. Ósjaldan kom fram í máli kvinnanna að samheldnar og skemmtilegar samstarfskonur (eða vinnufélagar) væru mikill kostur í þeirra starfi, jafnvel einn sá jákvæðasti. Getur það átt sinn þátt í starfsánægju meðal fiskvinnslukvennanna þar sem starfsandi og starfsánægja eru tengd fyrirbæri. Þó má sjá athugasemdir þess efnis (sjá viðauka 2), að bónuskerfi valdi bæði streitu og hafi neikvæð áhrif á starfsandann. Starfsánægja og framleiðni fara því miður ekki alltaf saman.

Þrátt fyrir að aukin tæknivæðing hafi smám saman höggvið skörð í hóp fiskvinnslukvenna, telja engu að síður um 65% þátttakenda sig búa við mjög eða frekar mikið atvinnuöryggi og rúmlega 62% telja sig líklega verða starfandi innan fiskvinnslunnar að 5 árum liðnum. Reyndar er víða ekki um auðugan garð að gresja varðandi aðra atvinnumöguleika, enda telja um 82,5% kvinnanna sig hafa mjög eða frekar litla valkosti í þeim efnum.

Sjá má ítarlega greiningu á þessu í skýrslu sem unninn var fyrir sjávarútvegsráðuneytið og ber heitið Framtíðarmöguleikar fiskvinnslunnar (september 2001). Í henni er fjallað um Í henni kemur fram að miklir framtíðarmöguleikar felast í íslenskrí fiskvinnslu sem er tæknilega mjög fullkomin og framúrskarandi í alþjóðlegu

samhengi. Nú, í upphafi 21. aldarinnar, er ljóst að aflaþróunin undanfarinn áratug hefur leikið íslenska landvinnslu grátt. Henni hefur tekist misjafnlega að halda sínum hlut í hlutfallslegri ráðstöfun aflans, en minnkandi heildaraflí botnfisks og grálúðu svo og rækju síðustu árin hefur vafalaust reist henni þær skorður sem mest hafa hamlað vöruþróun, tækniþróun og samfelldri starfsemi. Skýrslan kemur einnig inn á þróun mannafla í fiskvinnslu, menntunarmálefni fiskvinnslufólks, fjölda starfa í greininni, innflutning erlends vinnuafls og breytt umhverfi í fiskvinnslu, m.a. vegna vinnslu afla um borð í veiðiskipum. Vísar nefndin til þessarar skýrslu til viðbótar við þá könnun sem hér er gerð grein fyrir.

Hér að neðan má sjá helstu þætti skýrslunnar sem tengjast verkefni nefndarinnar. Um nánari upplýsingar vísast til skýrslunnar í heild (www.sjavarutvegsraduneyti.is).

Þróun mannafla í fiskvinnslu

Meginniðurstaðan í þeim athugunum sem nefndin stóð að og kom enn fremur fram í viðtölum við gesti nefndarinnar, er að störfum í fiskvinnslu kunni að fækka á allra næstu árum, jafnvel um allt að helming. Á móti kemur að störfum í nýjum atvinnugreinum tengdum fiskvinnslu kunni að fjölga umtalsvert.

Ný þekking

Þótt færa megi fyrir því rök að atvinnuþátttaka í sjávarútvegi muni minnka, og vægi annarra atvinnugreina í íslensku efnahagslífi aukast, er ljóst að framtíðarskipulag atvinnugreinarinnar mun hafa mikil áhrif á framvindu íslensks þjóðfélags.

Menntunarmál - aukin endurmenntun

Sjávarútvegurinn hefur verið að taka mjög miklum breytingum á síðustu árum. Kemur það aðallega tvennt til. Annars vegnar hafa tæknibreytingar verið miklar og sú þróun mun halda áfram, hins vegar koma stöðugt fram nýjungar á sviði sjávarútvegs. Þessi tvö atriði koma til með að hafa áhrif á atvinnugreinina, störfum mun fækka og þau breytast. Óvíða er því meiri nauðsyn á símenntun og endurmenntun en í sjávarútvegi.

Vinnuafli í fiskvinnslu

Árið 1991 var fjöldi starfandi fólks við veiðar og vinnslu 14.200 og þar af voru 8.000 starfandi við fiskvinnslu. Árið 2000 er fjöldi starfandi fólks við veiðar og vinnslu 12.800, þar af við vinnslu 6.700. Þetta er um 10% fækkun á starfandi fólki við þessar atvinnugreinar.

Útlendingar í fiskvinnslu

Þegar þensla hefur verið á vinnumarkaðinum og skortur verið á starfsfólk, hefur vandamálið verið leyst með erlendu vinnuafli. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnuálastofnun voru 540 ný tímabundin atvinnuleyfi veitt vegna fiskvinnslustarfa á árinu 2000.

Breytt umhverfi

Fækkun hefur orðið í hefðbundnum störfum sem tengjast fiskveiðum og vinnslu og er örsök þessa meiri tækni auk minni afla t.d. botnfiskafla miðað við ártugina á undan. Líklegt er að þessi þróun haldi áfram. Sjófrýsting jókst á síðasta ártug og hefur því hluti af hinu hefðbundna fiskvinnslustarfi í landi flust út á sjó. Almenn er talið að sérhæfðum störfum í sjávarútvegi hafi fjölgað og var það álit margra viðmælenda nefndarinnar að menntun muni enn aukast í sjávarútvegi. Sem dæmi um sérhæfð störf í fiskvinnslu má telja vinnu við gæðaeftirlit, stjórnum, vöruþróun og markaðssetningu.

1. Inngangur

Í skýrslu þessari eru birtar niðurstöður könnunar meðal fiskvinnslukvenna sem framkvæmd var á sumarmánuðum, júní, júlí og ágúst sl. Má hér finna upplýsingar varðandi fjölskyldustöðu þátttakenda í könnuninni, menntun, líf- og starfsaldursdreifingu ásamt viðhorfum til starfs- og starfsumhverfis svo og til endurmenntunar.

Verkefnið er einn liður í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar varðandi aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna. Vegna þessa skipaði sjávarútvegsráðherra nefnd “...til að safna upplýsingum um stöðu fiskvinnslunnar að því er varðar atvinnumöguleika kvenna og áhrif nýrrar tækni á atvinnugreinina og þá atvinnumöguleika.”¹ Nefndinni var jafnframt falið að afla upplýsinga um menntun og félagslega stöðu kvenna sem starfa innan fiskvinnslunnar, þannig að hægt væri að meta möguleika þeirra til starfsþjálfunar og endurmenntunar. Nefndina skipuðu: Ásgerður Halldórsdóttir, formaður, Ármann Kr. Ólafsson og Hulda Lilliendahl.

Starfsmaður nefndarinnar var undirrituð, Álfhildur Hallgrímsdóttir, meistaranemi við Háskóla Íslands, sem sá um að semja staðlaðan spurningalista með 28 spurningum (sjá viðauka 3) ásamt framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar í samvinnu við nefndina.

Sá háttur var hafður á að valin voru 16 fiskvinnslufyrirtæki víða um land² sem síðan voru heimsótt með góðfúslegu leyfi stjórnenda þeirra. Stuðst var við "handvalið" úrtak og heimsókn á staðina fyrst og fremst til að auðvelda eftirfylgni svörunar. Þannig var hægt að kynna starfskonum í

¹ Þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára (1998-2001) um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna

² Fiskvinnslufyrirtækin voru á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi, Reykjanesi, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi og á Austurlandi.

fiskvinnslunni verkefnið augliti til auglitis og að upplýsa þær um gildi þess að svara umræddum spurningalista. Eins og títt er um kannanir sem þessa var fullum trúnaði og órekjanleika svara til einstaklinga og fyrirtækja heitið. Þar af leiðandi verður ekki farið út í greiningu eftir landssvæðum.

Undirtektir kvennanna voru yfirleitt góðar og reyndist svörunin spanna frá tæplega 67% til 100% (í fjórum fyrirtækjanna). Meðaltalssvörun var 85,5% en heimtir voru alls 342 svarlistar³. Fyrirtækin voru misstór og var fjöldi fastráðinna fiskvinnslukvenna við vinnu frá 12 upp í tæpa 6 tugi meðan á heimsóknnum stóð. Könnunin tók ekki til sumarafleysinga-kvenna. Svarhlutfallið miðast við þann fjölda fiskvinnslukvenna sem var á vinnustað þegar könnun fór fram. Af þeim 342 konum, sem tóku þátt í könnuninni, var 81 kona af erlendu bergi brotin eða sem svarar 23,7%. Í tveimur fyrirtækjanna tilheyrðu þær meirihluta svarenda. Flóra hins erlenda vinnuafls reyndist litrík en flestar erlendu fiskvinnslukvennanna voru pólskar að uppruna. Í einstaka tilfalli var ekki hægt að koma við þátttöku vegna tungumálaörðugleika en yfirleitt fannst einhver sem annað hvort gat túlkað yfir á íslensku eða ensku. Þátttakendum var bent á að þeir gætu sleppt spurningum ef þeir teldu sig t.d. ekki hafa forsendur til að svara þeim. Í tæplega 60% tilvika er svörun spurninga 100%, að öðru leyti er svörunin á bilinu frá 86-99,7%. Sérstaklega er tekið fram í umfjöllun einstakra efnispáttá þegar svörun er undir 100%.

Þar sem könnunin var framkvæmd yfir sumartímenn var eðlilega nokkuð um fjarvistir vegna sumarleyfa, einkum þó á tveimur staðanna þar sem um 35-40% fiskvinnslukvennanna voru fjarverandi að sögn yfirmanna. Þá náðist ekki alltaf til þeirra kvenna sem gengdu hlutastarfi, sérstaklega

³ Þrjú svarlistar reyndust ónothæfir og eru því ekki taldir með.

eftir hádegi. Reynt var eftir því sem við var komið að ná til beggja hópanna. Sumstaðar voru skildir eftir spurningalistar í frímerktum umslögum en heimtur á slíkum listum voru engar.

Þess má til gamans geta að á einum staðnum var eiginmanni konu einnar, sem var frá vinnu þegar könnunin fór fram, svo umhugað um þátttöku hennar að hann kom því til leiðar að undirritaðri var ekið á heimili þeirra hjóna. Var þetta bæði fróðleg og skemmtileg heimsókn auk þess sem einn svarlisti heimtist til viðbótar hinum.

Í kaflanum hér á eftir verða teknar saman helstu niðurstöður, þar á eftir verður farið út í nánari útlistun og í lokin verður fjallað lítilega um athugasemdir (sjá viðauka 2) sem þátttakendur vildu gjarnan koma á framfæri.

Óhætt er að segja að skýrslan gefur góða mynd af bakgrunni og ýmsum viðhorfum þátttakenda til vinnu sinnar og vinnuumhverfis. Hins vegar er vert að taka það fram að þar sem könnunin nær til takmarkaðs, handvalins úrtaks ber að fara varlega varðandi alhæfingar yfir á heildarþýði fiskvinnslukvenna á landinu öllu.

2. Samantekt helstu niðurstaðna

- Aldur þeirra 342 kvenna sem taka þátt í könnuninni er á bilinu 17 til 70 ára en tæplega helmingur kvennanna er á aldrinum 32 til 51 árs. Meðalaldur þátttakenda er 41,1 ár.
- Meirihluti kvennanna gegnir fullu starfi eða rúmlega 68%; rúmlega 16% eru í 60-90% starfi; og 15,5% eru í hálfu starfi.
- 73,5% kvennanna eru giftar eða í sambúð, hlutfall ekkna er 2,3% og fráskildra 5,5%.
- Tæplega 47% kvennanna hafa barn/börn á framfæri undir 18 ára aldri og þar af eru 15% einstæðar mæður.
- Meirihlutinn eða 71% býr í eigin húsnæði
- Meirihlutinn eða 94% segir það ganga mjög eða frekar vel að samræma fjölskyldu- og einkalíf gagnvart vinnu. Hins vegar segja 62,5% kvennanna að starfið bjóði sjaldan eða aldrei upp á sveigjanlegan vinnutíma.
- Flestar kvennanna eða 63,2% hafa eingöngu skyldunám að baki. Meirihluti þeirra kvenna sem hafa lokið iðnnámi, stúdents- og háskólaprófi er af erlendu bergi brotinn.
- Um 60% kvennanna hafa starfað innan fiskvinnslunnar í áratug eða lengur en fjórar konur (1,1%) hafa náð 40 ára starfsreynslu.
- Verulegur meirihluti kvennanna eða 89% kveðst almennt vera njög eða frekar ánægður í starfi og á það hlutfallslega nánast jafnt við um konur í fullu starfi sem og hlutastarfi.
- Rúmlega helmingur eða 52,5% þeirra (340) kvenna, sem svara spurningunni um hvort þær fái stuðning og hvatningu í starfi frá yfirmönnum, segir oft eða stundum svo vera. Og 74,5% af (329) svarendum eða 71,6% þátttakenda telja að yfirmenn meti mjög eða frekar vel vinnuframlag þeirra.
- Mikill meirihluti svarenda eða 90% telur að konur eigi mjög eða frekar litla möguleika á að vinna sig upp í starfi innan fiskvinnslunnar og að sama skapi telja 93,5% kvennanna sig hafa mjög eða frekar litla möguleika á starfsframa á eigin vinnustað.
- Meirihlutinn eða 83% telur sig hafa mjög eða frekar litla valmöguleika varðandi atvinnu í sínu byggðarlagi.
- 65,5% þeirra (340) kvenna, sem svara spurningunni um atvinnuöryggi, telja sig búa við mjög eða frekar mikið öryggi og 62,5% þátttakenda telja það mjög eða frekar líklegt að þær starfi við fiskvinnslu eftir 5 ár.
- Varðandi líkindi þess að konurnar flytji úr viðkomandi byggðarlagi innan 5 ára telja 75,5% það vera mjög eða frekar ólíklegt.
- Um 82% kvennanna hafa sótt fiskvinnslunámskeið og telja tæp 88% það vera mjög eða frekar mikilvægt að fá tækifæri til að efla þekkingu


sína og færni í starfi. Rúmlega 70% svarenda (eða um 60% þátttakenda) telja yfirmenn sína vera jákvæða gagnvart þjálfun og endurmenntun í starfi.

- Meirihluti þeirra (332) kvenna sem svara eða 65,5% telja sig hafa mjög eða frekar litla möguleika á að endurmennta sig. En 70% af (311) svarendum eða 63% þátttakenda segjast geta hugsað sér að sækja endurmenntun af einhverju tagi til að auka atvinnumöguleika sína. Mestur áhugi er fyrir tölvu- og tungumálanámi.
- Þá var og leitað eftir álitum kvennanna varðandi áhrif tæknivæðingar á störf og starfsumhverfi fiskvinnslukvenna (svörun er á bilinu frá 81-92%). Af þeim sem svara telja 25,5% að aukin tækni hafi gert fiskvinnslustarfið eftirsóknarverðara en áður; 25% telja starfsánægju vera meiri; 52% telja að dregið hafi úr líkamlegu erfiðni samfara aukinni tækni; 30% telja andlegt álag vera minna; 31% telur einhæfni í starfi vera minni; og 70% svarenda eru sammála því að með aukinni tækni hafi störfum fækkað meðal fiskvinnslukvenna.
- Að lokum gafst þátttakendum í könnuninni kostur á að koma athugasemdum á framfæri. Nýttu rúmlega 37% kvennanna sér það og kennir þar margra grasa (sjá viðauka 2) en eins og að líkum lætur er launahlið fiskvinnslustarfsins mörgum konunum ofarlega í huga.


3. Aldursdreifing

Yngstu konurnar, 7 talsins, eru fæddar 1984 en 2 þær elstu eru fæddar 1931. Konur fæddar 1965 eru fjölmennasti árgangurinn eða 16 talsins. Eins og sjá má á myndum 1 og 1a er aldurshópurinn fæddur á árunum 1955-59 fjölmennastur. En nær helmingur kvennanna (49%) er fæddur á árunum 1950-69 og er þannig á aldursbilinu 32 ára til 51 árs. Meðalaldur þátttakenda er 41,1 ár.

Mynd 1:



Mynd 1a:




4. Starfshlutfall

Mikill meirihluti kvennanna eða rúmlega 68% gegnir fullu starfi. Hlutfall þeirra, sem er í 60-90% starfi, er rúmlega 16% og 15,5% kvennanna gegna 50% starfi.

Þegar aldur kvennanna er skoðaður í tengslum við starfshlutfall, sjá mynd 2, þá kemur ekki á óvart að allar konurnar, nema ein í yngsta aldurshópnum (17-21 árs), gegna fullu starfi en eingöngu fjórar (31%) í elsta aldurshópnum (67-70 ára) eru í fullu starfi. Að öðru leyti er þetta nokkuð breytilegt eftir aldurshópum, t.d. gegnir liðlega helmingur kvenna á aldrinum 32-38 ára og 57-61 árs fullu starfi.

Mynd 2:



5. Félagsleg staða

5.1 Hjúskapar- og fjölskyldustaða

Hlutfall einhleypra kvenna í könnuninni er 18,7%; í sambúð 22,5%; giftar 51%; ekkjur 2,3%; og fráskildar 5,5%.

Rúmlega helmingur kvennanna eða 53,3% hefur ekki börn undir 18 ára aldri í sinni forsjá. Hlutfall þeirra kvenna sem hefur eitt barn undir 18 ára aldri í sinni forsjá er 22,2%. Svipað er hlutfall þeirra kvenna sem hefur

tvö til þrjú börn á framfæri eða 23,3%. Einungis fjórar konur (1,2%) eru með fjögur börn á framfæri.

Hlutfall einstæðra mæðra af heildinni er 7% (eða 15% þeirra kvenna sem eru með börn á framfæri undir 18 ára aldri) þar af er meirihlutinn eða tæplega 67% með eitt barn á framfæri undir 18 ára aldri. Meirihluti kvennanna eða 71% býr í eigin húsnæði. Tæplega helmingur (46%) einstæðu mæðranna býr ekki í eigin húsnæði. Þá kveðst 81% yngsta aldurshópsins (17-21árs) t.d. ekki búa í eigin húsnæði, er hann jafnframt einhleypur að meirihluta þannig að ekki er ólíklegt að sá hópur búi að stórum hluta ennþá í foreldrahúsum. - Tafla í *viðauka 1* hefur að geyma framangreindar upplýsingar út frá hverjum aldurshópi fyrir sig.

5.2. Vinnan gagnvart fjölskyldu- og einkalífi

Rúmlega 57% kvennanna segja að mjög vel gangi að samræma fjölskyldu- og einkalíf gagnvart vinnu en tæplega 37% segja það ganga frekar vel. Aðeins tæplega 6 % af konunum segja að sér gangi það frekar illa, engin þeirra segir að það gangi mjög illa.

Þegar skoðað er starfshlutfall kvennanna í þessu samhengi, þá segja 57,5% þeirra sem eru í *fullu starfi* (100%) að það gangi mjög vel að samræma fjölskyldu- og einkalíf við vinnu og 35% frekar vel. Hlutfall kvenna í *hlutastarfi* (50-90%) er nánast það sama, samanborið við hlutfall kvenna í fullu starfi, sem segir það ganga mjög vel, eða 57%. En 40% kvenna í hlutastarfi segja það ganga frekar vel. 85% þeirra (20) kvenna, sem segja að frekar illa gangi að samræma fjölskyldu og einkalíf við vinnu, gegna fullu starfi og er meirihluti þeirra með barn undir 18 ára, eitt eða fleiri, á framfæri.

Varðandi það, hvort starfið bjóði upp á sveigjanlegan vinnutíma, þá segja 12,5% kvennanna oft svo vera; 25% stundum; 15,5% sjaldan; en 47%

segja starf sitt aldrei bjóða upp á slíkt. Kemur ekki á óvart að verulegur meirihluti þeirra (81%), sem segir hið síðastnefnda, gegnir fullu starfi. Konur í hlutastarfi eru hlutfallslega fleiri (55%), samanborið við konur í fullu starfi (29%) sem segja að starfið bjóði oft eða stundum upp á sveigjanlegan vinnutíma.

5.3 Menntun

Eins og tafla 1 sýnir hafa flestar kvennanna eða 63,2% eingöngu grunnmenntun að baki, þ.e. hafa lokið skyldunámi, en 15 konur tilgreina gagnfræða- eða landspróf sem sína grunnmenntun.

Tafla 1:

| <i>Menntunarstig</i> | <i>Fjöldi</i> | <i>Fjöldi í %</i> |
|----------------------|---------------|-------------------|
| Grunnnám | 216 | 63,2 |
| Gagnfræða- landspróf | 15 | 4,4 |
| Iðn- eða starfsnám | 28 | 8,2 |
| Stúdentspróf | 36 | 10,5 |
| Háskólapróf | 7 | 2,0 |
| Annað nám | 40 | 11,7 |
| Alls: | 342 | 100% |


Mikill meirihluti þeirra kvenna sem hafa lokið iðnnámi eða öðru starfsnámi, stúdents- og háskólaprófi eru af erlendu bergi brotnar. Þess má geta að meðal þeirra íslensku kvenna sem lokið hafa starfsnámi, nefna tvær fiskvinnsluskólann.

Sem dæmi um *annað nám* má nefna hússtjórnarnám en tæp 5% kvennanna hafa verið í húsmæðraskóla. Þá nefna konurnar t.d. 1-2 ára veru í framhaldsskóla, verslunarpróf, skrifstofutækni, búfræði og lýðháskóla í sambandi við annað nám.

6. Starfsaldur

Starfsaldur kvennanna er á bilinu frá 1 mánuði (tvær konur) til 40 ára (fjórar konur). Eins og mynd 3 sýnir hafa 27,5% kvennanna starfað í fiskvinnslu skemur en 5 ár, þar af hafa 18% starfað skemur en ár. Eftirtektarvert er að um 60% kvennanna hafa starfað innan fiskvinnslunnar í áratug eða lengur og aftur þriðjungur eða 33,3% í tvo áratugi eða lengur.

Mynd 3:




Á mynd 4, á næstu síðu, kemur fram hve lengi (í árabílum talið) konurnar hafa gegnt því starfi, sem þær eru í þegar könnunin fer fram. Eins og sjá má kveðst tæpur helmingur kvennanna hafa verið frá u.þ.b. einum mánuði til allt að 5 ára í núverandi starfi.

Þess má geta að í viðtölum við konurnar kom í ljós að þær mátu lengd þess tíma, sem þær höfðu verið í "núverandi" starfi, út frá mismunandi hliðum. Sumar miðuðu upphaf starfs síns við endalok tímabundins starfsleyfis, eins og t.d. eftir barneignafrí. Aðrar miðuðu við samruna eða eigendaskipti, sem höfðu átt sér stað í viðkomandi fyrirtækjum, litu á það

sem ákveðin tímamót í starfi. Þá voru að sjálfsögðu þær, sem höfðu flust milli fyrirtækja eða breytt um í starfi innan sama vinnustaðar. Að lokum virðist það ekki fara á milli mála hjá rösklega 45% kvennanna að þær hafi gegnt sama starfi frá upphafi starfsferils síns innan fiskvinnslunnar, allt frá einum mánuði upp í 38 ár.

Mynd 4:



7. Mismunandi fiskvinnslustörf

Samkvæmt þröngri skilgreiningu er fiskvinnsla sérhæft ferli sem fer fram á vinnslugólfi fiskvinnsluhúsa og fiskvinnslufólk er starfsfólk í matvæla-iðnaði sem vinnur (mat)vörur úr fiski, hefur það að aðalstarfi og vinnur í landi.⁴

Spurningin um stöðuheiti eða hvaða starfi þátttakendur gegndu innan fyrirtækisins var opin og fengust því margvísleg svör. Flestar kvennanna (48%) láta nægja að skilgreina sig ýmist sem verka- eða fiskvinnslukonur. Aðeins 3,5% kvennanna skilgreina sig sem "sérhæfð fiskvinnslukona". Vafalaust eru fleiri konur í könnuninni sem hafa lokið tilskildum námskeiðum til að öðlast sérhæfingu, án þess að þær taki það sérstaklega fram. Rúmlega 20% nefna snyrtingu og/eða pökkun og um

⁴ Kristján F. Helgason. *Fiskvinnslumenntun á Íslandi*. M.Sc. ritgerð í sjávarútvegsfræðum, H.Í. 1999.

19% segjast gegna ýmislegum eða mismunandi fiskvinnslustörfum. Tæplega 5% (17 konur) tilgreina gæðastjórnun eða eftirlitsstörf og tæp 2% gegna verk- eða flokkstjórnarstöðum. Örfáar konur eða 1,2% segjast vinna við vélar. Þá má nefna dæmi um einstaka störf sem tiltekin eru: vinna á lyftara (1 kona); á línu (2 konur); við vigtun (1 kona); og við innmötun (1 kona).

8. Viðhorf til vinnu og vinnuumhverfis

8.1 Starfsánægja

Mikill meirihluti kvennanna eða 89% kveðst almennt vera mjög eða frekar ánægður í starfi: 19% segjast mjög ánægðar; 70% frekar ánægðar; 10% frekar óánægðar; aðeins 1% kvennanna kveðst vera mjög óánægt í starfi.

Að sama skapi telur meirihlutinn vinnuaðstöðu sína vera mjög eða frekar góða: 15% telja hana mjög góða; 64,5% frekar góða; 19% frekar slæma; og 1,5% telur vinnuaðstöðu sína vera mjög slæma.

Rúmlega 83% þeirra kvenna, sem segjast almennt vera mjög eða frekar ánægðar í starfi, segja jafnframt vinnuaðstöðu sína vera mjög eða frekar góða.

Starfsánægja virðist ekki mikið hafa með starfshlutfall þátttakenda að gera en 89% þeirra kvenna, sem segjast mjög eða frekar ánægðar í starfi, gegna fullu starfi og á það að sama skapi við 90% kvennanna er gegna hlutastarfi.

8.2 Starfshvatning og mat á vinnuframlagi

Þegar konurnar eru spurðar hvort þær telji sig fá stuðning og hvatningu (eins og t.d. hrós) í starfi frá yfirmönnum sínum segja 15% (af þeim 340),

sem svara, oft svo vera; 37,5% stundum; 27,5% sjaldan; en 20% kveðjast aldrei fá stuðning og hvatningu frá yfirmönnum sínum.

Varðandi það, hvernig konunum finnst vinnuframlag sitt vera metið af yfirmönnum, sínum telja 16% þeirra (329) kvenna, sem svara, vinnuframlag sitt vera mjög vel metið; 58,5% frekar vel; 22% frekar illa; og 3,5% telja að yfirmenn meti vinnuframlag sitt mjög illa.

Þegar skoðað er samspil starfsánægju og mats á vinnuframlagi kemur í ljós að 94% þeirra kvenna, sem telja yfirmenn sína meta vinnuframlag sitt mjög eða frekar vel, segjast jafnframt vera mjög eða frekar ánægðar í starfi. 27% þeirra kvenna, sem telja starf sitt mjög eða frekar illa metið, eru að sama skapi mjög eða frekar óánægðar í starfi. Á hinn bóginn segjast 78% af þeim (73) konum, sem telja vinnuframlag sitt frekar illa metið, vera mjög eða frekar ánægðar í starfi. Engin kvennanna, sem telur vinnuframlag sitt mjög illa metið, segist vera mjög ánægð í starfi. Né heldur er það andstætt, þ.e.a.s. engin þeirra, sem telur vinnuframlag sitt mjög vel metið af yfirmönnum, kveðst vera mjög óánægð í starfi.

Þegar borin eru saman svör kvennanna varðandi stuðning yfirmanna og hvatningu í starfi og mat á vinnuframlagi, þá segjast 65% þeirra, sem telja vinnuframlag sitt vera mjög eða frekar vel metið af yfirmönnum sínum, oft eða stundum fá stuðning þeirra og hvatningu í starfi. Og aftur 80% þeirra, sem telja vinnuframlag sitt mjög eða frekar illa metið, segjast sjaldan eða aldrei fá stuðning og hvatningu í starfi. Hins vegar segjast t.d. um 34% kvennanna, sem telja vinnuframlag sitt mjög eða frekar vel metið, sjaldan eða aldrei fá stuðning og hvatningu í starfi frá yfirmönnum sínum. Þær konur sem voru spurðar nánar út í þessa afstöðu gáfu oft skýringar á þá leið að þó svo að yfirmenn þeirra væru síður en svo duglegir við að hrósa eða veita viðurkenningu í orðum þá væru þeir engu

að síður kurteisir eða alúðlegir í framkomu og treystu þeim fyrir hinum ýmsu störfum. Sumar álitu vinnuframlag sitt vera vel metið einfaldlega af þeirri ástæðu að yfirmenn kvörtuðu sjaldan eða aldrei undan störfum þeirra.

Þá er vert að geta þeirra 13 kvenna, sem nema 3,8% þátttakenda, sem svöruðu ekki spurningunni varðandi mat yfirmanna á vinnuframlagi þeirra, heldur settu ýmist við hana stórt spurningamerki eða skrifuðu t.d. "veit ekki". Þá má sjá eina athugasemd (sjá viðauka 2) þar sem segir m.a.: "Það er ekki nokkur leið að vita hvernig vinnuframlag manns er metið þegar enginn tjáir sig um það við mann."

8.3 Möguleikar á starfsframa

Aðeins tæplega 3% (af 340 konum), sem svara spurningunni um möguleika kvenna í fiskvinnslu á að vinna sig upp í starfi, telja mjög mikla möguleika á því; 7% frekar mikla; 32% frekar litla; en 58% telja að fiskvinnslukonur eigi mjög litla möguleika á því að vinna sig upp í starfi.


Hvað viðkemur starfsframa á eigin vinnustað telur rétt rúmlega 1% þeirra (340) kvenna sem svara sig eiga mjög mikla möguleika á því; 5,5% frekar mikla; 26,5% frekar litla; en 67% kvennanna telja sig eiga mjög litla möguleika á starfsframa á sínum vinnustað.

8.4 Atvinnumöguleikar

Mikill minnihluti kvennanna telur sig hafa mjög eða frekar mikla valmöguleika á atvinnu innan síns byggðarlags: aðeins 5% telja sig hafa mjög mikla atvinnumöguleika; 12% frekar mikla; 35% frekar litla; og 48% telja sig hafa mjög litla valmöguleika varðandi atvinnu í heimabyggð.

Mynd 5 sýnir hlutfallslegan fjölda þeirra kvenna, miðað við hvern aldurshóp, sem telur sig hafa mjög eða frekar litla atvinnumöguleika í sínu byggðarlagi. Miðað við hlutfallslega afstöðu aldurshópanna gætir sýnilega mestrar bjartsýni meðal yngstu kvennanna í þessum efnum, þó svo að hinar ungu "bjartsýniskonur" teljist til minnihluta innan síns hóps.

Mynd 5:




8.5 Atvinnuöryggi

Af þeim (340) konum sem svara spurningunni um atvinnuöryggi telja 14,7% sig búa við mjög mikið atvinnuöryggi; 51% við frekar mikið; 26,7% við frekar lítið; og 7,6% telja sig búa við mjög lítið atvinnuöryggi.

Meirihluti kvennanna telur sig mjög eða frekar líklega starfa innan fiskvinnslunnar eftir 5 ár: telja 25,5% kvennanna það vera mjög líklegt; 37% frekar líklegt; 18,5% frekar ólíklegt; og 19% kvennanna telja það vera mjög ólíklegt að þær muni starfa við fiskvinnslu eftir 5 ár.

Mynd 6 sýnir hlutfall þeirra kvenna, eftir aldurshópum, sem telja mjög eða frekar líklegt að þær starfi innan fiskvinnslunnar eftir 5 ár. Meirihluti yngstu aldurshópanna tveggja, og þá verulegur meirihluti þess yngsta, virðist ekki líta á fiskvinnslu sem sitt framtíðarstarf.


Mynd 6:



Spurt var um líkindi þess að konurnar flytji úr núverandi byggðarlagi sínu á næstu 5 árum, eru eftirfarandi: 11,5% telja það vera mjög líklegt; 13% frekar líklegt; 26% frekar ólíklegt; og 49,5% telja mjög ólíklegt að þær flytji innan 5 ára úr heimabyggð sinni.

Mynd 7 sýnir hlutfall þeirra kvenna sem telja sig mjög eða frekar líklega flytja úr byggðarlagi sínu á næstu 5 árum, miðað við hvern aldurshóp. Eins og t.d. má sjá telur meirihluti yngsta aldurshópsins sig mjög eða frekar líklega flytja innan 5 ára.

Mynd 7:



Tæplega 58% þeirra kvenna, sem telja flutning mjög eða frekar líklegan, búa *ekki* í eigin húsnæði en aftur á móti búa rúmlega 80% af þeim, sem telja flutning úr heimabyggð frekar eða mjög ólíklegan, í eigin húsnæði.

9. Endurmenntun

9.1 Fiskvinnslunámskeið

Rúmlega 82% kvennanna hafa sótt námskeið í tengslum við fiskvinnsluna. Eins og að líkum lætur tilheyrir meirihluti (77%) þeirra kvenna, sem ekki hafa sótt námskeið, hópnum með lægsta starfsaldurinn (0-4,9 ár) innan fiskvinnslunnar. Nákvæmlega helmingur þess hóps hefur ekki sótt námskeið (sjá mynd 2) að öðru leyti er námskeiðspáttaka hinna hópanna, skipt upp eftir starfsaldri, frá um 90-100%.

Varðandi mikilvægi þess að fá tækifæri til að efla þekkingu sína og færni í fiskvinnslustarfinu telja 49% þeirra (341) kvenna sem svara það vera mjög mikilvægt; 38,5% telja það frekar mikilvægt; 8,5% lítið mikilvægt; en 4% telja ekki mikilvægt að efla þekkingu sína og færni í starfi sínu.

Þegar spurt er um viðhorf yfirmanna til þjálfunar og endurmenntunar í starfi telja tæplega 18% af 293 svaendum (15,2% þátttakenda) yfirmenn sína hafa mjög jákvætt viðhorf í þeim efnum; 52,5% svarenda telja þá hafa frekar jákvætt viðhorf; 26% frekar neikvætt; og 3,5% telja yfirmenn sína hafa mjög neikvætt viðhorf gagnvart þjálfun og endurmenntun í starfi. Þessi spurning hafði einna lægsta svörun (ásamt spurningu nr. 23 um áhrif aukinnar tækni á störf fiskvinnslukvenna) eða tæplega 86% en 49 konur svöruðu henni ekki. Sumar þeirra skrifuðu til dæmis "veit ekki" við spurninguna eða létu nægja að setja spurningarmerki við hana. Ein kvennanna lét fljóta með athugasemd um að yfirmenn virtust frekar vera hlutlausir varðandi starfsþjálfun og endurmenntun, heldur en jákvæðir eða neikvæðir.


9.2 Möguleikar á endurmenntun

Minnihluti þeirra (332) kvenna sem svara telja sig hafa mjög eða frekar mikla möguleika til endurmenntunar, miðað við aðstæður sem þær búa við: 6,5% svarenda telja sig hafa mjög mikla möguleika á endurmenntun; 28% frekar mikla; 40% frekar litla; en 25,5% kvennanna telja sig hafa mjög litla möguleika á að sækja endurmenntun af einhverju tagi.

68% þeirra kvenna, sem telja sig hafa frekar eða mjög litla möguleika til endurmenntunar, gefa nokkrar skýringar á því. Algengast er, eða í rúmlega 32% tilvika, að þær nefni erfitt aðgengi til endurmenntunar (of langt að fara) eða skort á framboði og tækifærum á viðkomandi stað. Tæplega 16% nefna lélega íslenskukunnáttu sem hindrun fyrir endurmenntun og bæta gjarnan við að nauðsynlegt sé að auka framboð á íslenskunámi fyrir erlent vinnuafl. Ekki er óalgengt að fjárskortur sé nefndur (14,8%) í sambandi við litla endurmenntunarmöguleika og einnig mikil vinna og tímaskortur (13%) svo og heimilis- og fjölskylduaðstæður (9,5%). Þá telja nokkrar kvennanna (8,7%), sem gefa skýringar á litlum möguleikum sínum til endurmenntunar, of háan aldur sinn vera fyrirstöðu. Að lokum má sjá einstaka athugasemdir um að t.d. áhugaleysi (4,7%) og að lítil undirstöðumenntun eða heilsuleysi standi í vegi fyrir endurmenntun.

Mynd 8 sýnir hlutfall þeirra kvenna, eftir aldurshópum, sem telja sig hafa mjög eða frekar litla möguleika á endurmenntun.

Mynd 8:



Nokkra athygli vekur hversu hátt hlutfall í aldurshópnum 22-26 ára kveðst hafa litla möguleika til endurmenntunar. Nú hefur þessi hópur t.d. hlutfallslega um og yfir helmingi færri börn á framfæri en aldurshóparnir fjórir sem á eftir koma (sjá töflu í viðauka 1). Við nánari athugun kemur t.d. í ljós að a.m.k. 12 kvennanna eða 52,2% eru erlendar, það sést á skýringunum sem þær gefa, samanber skort á endurmenntunarframboði fyrir útlendinga eða litla íslenskukunnáttu. Sumar segja jafnframt, og eiga það sammerkt með nokkrum íslenskum samstarfskonum sínum í þessum aldurshópi, að mikil vinna og í sumum tilfellum fjárskortur og/eða fjölskyldu- og heimilisaðstæður dragi úr möguleikum á endurmenntun. Tvær konur í þessum aldurshópi segja áhugaleysi vera ástæðu fyrir frekar litlum möguleikum sínum til endurmenntunar.

Hlutfall erlendra kvenna, sem gefa skýringar á litlum möguleikum til endurmenntunar, er um 35% í aldurshópnum 27-31 árs og í aldurshópnum 32-36 ára er hlutfallið 26,5%. Konur í þessum aldurshópum eru uppteknar af barnauppeldi og heimilisrekstri meðfram vinnu, eins og kemur mjög gjarnan fram í þeim skýringum sem þær gefa á litlum möguleikum sínum til að sækja endurmenntun, auk þess sem þær nefna skort á framboði.

Þá vaknar einnig upp sú spurning hvers vegna aldurshópurinn 37-41 árs sé hlutfallslega jákvæðari en ofangreindir aldurshópar gagnvart möguleikum til endurmenntunar. Nú eru t.d. 85% kvenna í þessum hópi með barn eða börn undir 18 ára aldri á framfæri sem er hærra hlutfall en í öðrum aldurshópum. Við frekari eftirgrennslan kemur t.d. í ljós að engin kona í þessum aldurshópi telur sig hafa mjög mikla möguleika á endurmenntun. Þrjár konur eða 7,3% svara ekki þessari spurningu og 4 (23,5%) af þeim 17 konum, bæði íslenskum og erlendum, sem telja sig hafa frekar mikla möguleika á endurmenntun, segjast ekki geta hugsað sér að sækja endurmenntunarnámskeið af neinu tagi.

9.3 Áhugi fyrir endurmenntun

Þegar konurnar eru spurðar, burtséð frá hugsanlegum möguleikum þeirra til endurmenntunar, hvort þær geti hugsað sér að sækja námskeið í einhverju fagi/fögum til að auka valmöguleika sína varðandi atvinnu (311 konur svara þeirri spurningu eða 91% þátttakenda), þá svara 70% því játandi.

Áhugasvið kvennanna er eðlilega margvíslegt. Sumar langar að ljúka stúdentsprófi, sjúkraliðanámi eða fóstrunámi, aðrar að læra nudd, snyrtifræði, tækniteiknun, skrifstofutækni, ferðamálafræði, stærðfræði, félags- og sálfræði. Nokkrar langar að læra meira í tengslum við fiskvinnsluna, t.d. stjórnun, gæðamat, matvælafræði og taka lyftarapróf svo dæmi séu tekin. En 67% þeirra kvenna, sem tiltaka á annað borð þau fög sem þær hafa áhuga á að nema, nefna tölvu- og/eða tungumálanámskeið. Af tungumálum er íslenskan er oftast nefnd.

10. Tæknivæðing innan fiskvinnslunnar - Áhrif á störf og starfsumhverfi fiskvinnslukvenna

Þá eru konurnar spurðar hvort þær séu sammála eða ósammála því að aukin tækni innan fiskvinnslunnar hafi haft í för með sér að: **a)** fiskvinnslustarfið er eftirsóknarverðara en áður (86% svörun); **b)** starfsánægja er meiri (90% svörun); **c)** líkamlegt erfiði er minna (92% svörun); **d)** andlegt álag er minna (91% svörun); **e)** einhæfni í starfi er minni (92% svörun); **f)** að störfum hafi fækkað meðal fiskvinnslukvenna samfara aukinni tækni (81% svörun).

Þessi spurning hafði einna lægsta svörun af öllum spurningalistanum, einkum síðasti liðurinn, en svörun er 88,7% að meðaltali úr öllum sex liðunum. Vafðist þetta að vonum fyrir þeim konum sem höfðu hvað stystan starfsaldur, bæði innlendum sem erlendum.

Af þeim sem svara **a)**, eru einungis 25,5% sammála því að með aukinni tækni sé fiskvinnslustarfið eftirsóknarverðara en áður; **b)** tæp 25% svarenda telja starfsánægju vera meiri en áður; **c)** 52% telja að líkamlegt erfiði sé minna; **d)** 30% telja andlegt álag vera minna; **e)** um 31% telur einhæfni í starfi vera minni; **f)** rúmlega 70% þeirra sem svöruðu þessum lið (56,7% þátttakenda) eru sammála því að með aukinni tækni hafi störfum farið fækkandi meðal fiskvinnslukvenna.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu fækkaði starfandi fólki (bæði körlum og konum) innan fiskvinnslunnar úr 8000 í 6700 milli árána 1991 og 2000 eða um liðlega 16%. En sé eingöngu litið til fiskvinnslukvenna fækkaði þeim á sama tíma úr 4700 í 3000 eða um liðlega 36%. Að áliti nefndar sem skoðaði framtíðarmöguleika fiskvinnslunnar mun þróunin líklega verða áfram á þennan veg. Ástæður fækkandi starfa í greininni á þessu tímabili eru ekki eingöngu bundnar aukinni tæknivæðingu heldur

einnig öðrum þáttum, eins og t.d. minnkandi botnfisksafla og aukinni vinnslu á sjó.⁵

Eins og þegar er getið telja eingöngu 34,3% kvennanna sig búa við mjög eða frekar lítið atvinnuöryggi, þannig að meirihlutinn virðist ekki óttast mjög að aukin tækni kippi stoðum undan störfum þeirra. Það er e.t.v. frekar að þær líti til þess að endurnýjun innan greinarinnar sé lítil og t.d. að ungt fólk sækist ekki mjög eftir þessum störfum til frambúðar (ein konan orðaði þetta á þann veg að þær væru síðustu "móhíkanarnir í greininni). Margar kvennanna vildu sjálfar gjarnan starfa við annað, ef slíkt stæði til boða. Þó kom til dæmis fram í máli þeirra sumra að þær sáu fiskvinnslu fyrir sér sem "námsbundnara" fag í framtíðinni og þá jafnvel eftirsóknarverðara í augum fólks.

En aukin tækni gerir meira en að fækka störfum, hún breytir þeim einnig og gerir aðrar kröfur varðandi vinnubrögð. Í tilviki fiskvinnslukvenna má segja að vinnubrögð þeirra séu almennt stöðluð og að tæknin stýri vinnu þeirra frekar en þær sjálfar. Skoða má viðhorf þeirra til tæknivæðingar innan fiskvinnslunnar út frá andstæðri hlið miðað við það sem að ofan greinir: um 75% svarenda (67,5% þátttakenda) telja starfsánægju ekki vera meiri en áður; 48% svarenda (44,2% þátttakenda) telja líkamlegt erfiði ekki hafa farið minnkandi; 70% svarenda (um 64% þátttakenda) telja andlegt álag ekki hafa minnkað; þá telja 69% svarenda (63,5% þátttakenda) einhæfni í starfi ekki vera minni en áður.

11. Athugasemdir þátttakenda

Þátttakendum gafst tækifæri til að koma eigin athugasemdum á framfæri í lok könnunar og nýttu 129 kvennanna eða rúmlega 37% sér það. Fylgja

⁵ Sjá *Skýrslu nefndar um stöðu fiskvinnslunnar* útgefna af Sjávarútvegsráðuneytinu í september 2001, einnig Vinnumarkaður 2000; Hagstofa Íslands: <http://www.hagstofa.is>

þær með aftast í skýrslunni (viðauki 2). Nokkrar athugasemdir voru reyndar teknar út til að gæta órekjanleika til þátttakenda.

Við lestur athugasemdanna kemur í ljós að um 43% þeirra beinast að laununum og/eða bónuskerfinu. Að öðru leyti má sjá athugasemdir varðandi viðhorf almennings til fiskvinnslunnar, um hugsanlega framtíð hennar, vinnuaðstæður, samskipti á vinnustað, hrós, hvatningu og umbun, svo eitthvað sé nefnt. Gefur þetta dálitla innsýn í viðhorf og þankagang þátttakendanna í könnuninni. Verður ein athugasemdanna látin slá botninn í þessa umræðu: *Það mætti fræða fólk meira um fiskvinnslu og nytsemi hennar. Draga úr því viðhorfi að fiskvinnsla sé síðasta sort.*

12. Lokaorð

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum úr könnun sem gerð var meðal fiskvinnslukvenna í 16 fiskvinnsluhúsum víða um land. Könnuninni er meðal annars ætlað að lýsa félagslegum bakgrunni kvennanna, afstöðu þeirra til starfsþjálfunar og endurmenntunar, viðhorfum þeirra til aukinnar tæknivæðingar og áhrifa hennar á fiskvinnslustarfið svo og (öðrum) atvinnumöguleikum.

Af könnuninni virðist ekki hægt að draga neinar óvæntar upplýsingar fram í dagsljósið. Vitað var að (fag)menntunarstig er almennt tiltölulega lágt innan fiskvinnslunnar miðað við aðrar matvælagreinar, eins og t.d. kjötiðnað. Könnunin leiðir hins vegar í ljós að um 60% þátttakenda hefur starfað innan fiskvinnslunnar í áratug og þaðan af lengur, gefur það vísbindingu um að mörg fiskvinnsluhúsanna búi yfir vel þjálfuðum eða "sérhæfðum" og reynslumiklum kjarna starfskvenna.

Athyglisvert er að sjá að mikill meirihluti kvennanna eða 89% telur sig vera mjög eða frekar ánægðan í starfi, jafnvel þó svo að aðeins liðlega

helmingur þeirra telji sig oft eða stundum fá stuðning eða hvatningu frá yfirmönnum sínum, í líkamlega erfiðu og einhæfu starfi með nánast engu svigrúmi til frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða. Og jafnframt þrátt fyrir lítil sem engin tækifæri til að vinna sig upp í starfi, hvorki innan greinarinnar almennt né á vinnustað. Þannig virðist mega draga þá ályktun að launin séu einn helsti starfshvatinn, samanber bónuskerfið.

Vissulega eru margir þættir sem tengjast starfsánægju, þar sem starf fólks er mjög margbrotinn og yfirgripsmikill þáttur í lífi þess. Ekki er ólíklegt, svo eitthvað sé nefnt, að tiltölulega góð starfsaðstaða, að mati meirihlutans, tengist starfsánægju viðkomandi kvenna ásamt því að hjá flestum þeirra gengur yfirleitt vel að samræma fjölskyldu- og einkalíf gagnvart vinnunni. Reyndar er ekkert einhlítt í þessum efnum þar sem t.d. tvær af þeim tuttugu konum, sem segja að frekar erfiðlega gangi að samræma fjölskyldu- og einkalíf gagnvart vinnu, segjast vera mjög ánægðar í sínu starfi og tólf þeirra segjast frekar ánægðar í starfi.

Einn var sá þáttur sem mjög gjarnan mátti skynja í heimsóknum á stöðunum og kom sömuleiðis sterkt fram hjá þeim konum, sem náðist að ræða við meðfram könnuninni, en það var góður starfsandi meðal fiskvinnslukvennanna. Ósjaldan kom fram í máli kvennanna að samheldnar og skemmtilegar samstarfskonur (eða vinnufélagar) væru mikill kostur í þeirra starfi, jafnvel einn sá jákvæðasti. Getur það átt sinn þátt í starfsánægju meðal fiskvinnslukvennanna, þar sem starfsandi og starfsánægja eru tengd fyrirbæri. - Þó má sjá athugasemdir þess efnis (sjá viðauka 2), að bónuskerfi valdi bæði streitu og hafi neikvæð áhrif á starfsandann. Starfsánægja og framleiðni fara því miður ekki alltaf saman.

Þrátt fyrir að aukin tæknivæðing hafi smám saman höggvið skörð í hóp fiskvinnslukvenna, telja engu að síður um 65% þátttakenda sig búa við

mjög eða frekar mikið atvinnuöryggi og rúmlega 62% telja sig líklega vera starfandi innan fiskvinnslunnar að 5 árum liðnum. Reyndar er víða ekki vera um auðugan garð að gresja varðandi aðra atvinnumöguleika, enda telja um 82,5% kvennanna sig hafa mjög eða frekar litla valkosti í þeim efnum.

Þá virðist sem bæta megi aðgengi eða auka framboð endurmenntunar og jafnvel efla vitund í þá átt meðal fiskvinnslukvennanna, þar sem einungis um 34% svarenda telja sig hafa mjög eða frekar mikla möguleika á endurmenntun. Einnig mætti gjarnan, eins og nokkrar kvennanna koma inn á í athugasemdum sínum, stuðla að aukinni fræðslu og bættri ímynd fiskvinnslunnar meðal almennings.

Viðaukar

| Aldurshópar | 17-21 | 22-26 | 27-31 | 32-36 | 37-41 | 42-46 | 47-51 | 52-56 | 57-61 | 62-66 | 67-70 |
|-------------------------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|
| Fjöldi alls: | 32 | 29 | 32 | 41 | 41 | 48 | 36 | 27 | 27 | 16 | 13 |
| Einstæð | 1 | 3 | 4 | 5 | 3 | 2 | 4 | 1 | 1 | | |
| Með 1 barn | 3 | 7 | 11 | 5 | 11 | 18 | 13 | 6 | 2 | | |
| 2 - 3 börn | | 4 | 12 | 27 | 22 | 14 | | 1 | | | |
| 4 börn | | | | 1 | 2 | 1 | | | | | |
| Eigin húsn. | 6 | 12 | 19 | 30 | 35 | 35 | 31 | 22 | 25 | 14 | 13 |
| Hlutfall (%) einstæðra | 3,1 | 10,3 | 12,5 | 12,2 | 7,3 | 4,2 | 11,1 | 3,7 | 3,7 | | |
| Hlutfall með börn (1-4) | 9,4 | 38 | 72 | 83 | 85 | 69 | 36 | 26 | 7,4 | | |
| Hlutfall í eigin húsn. | 18,8 | 41,4 | 59,4 | 73,2 | 85,4 | 73 | 86,1 | 81,5 | 92,6 | 87,5 | 100 |

Dæmi um upplýsingar sem taflan hefur að geyma: Fjöldi kvenna í aldurshópnum 37-41 árs er samtals 41. Einstæðar mæður í hópnum eru 3 eða 7,3%. Samtals hafa 11 kvennanna 1 barn á framfæri, en 22 þeirra hafa 2 börn og tvær hafa 4 börn á framfæri. Hlutfall mæðra í hópnum (með 1-4 börn) er 85%. Í þessum aldurshópi búa samtals 35 konur (85,4%) í eigin húsnæði.

Viðauki 2

- ✓ Það er ekki nokkur leið að vita hvernig vinnuframlag manns er metið þegar enginn tjáir sig um það við mann. Þessi bær er dauður atvinnulega séð, svo ég mun kveðja án söknuðar.
- ✓ Samskipti milli yfirmanna og undirmanna mættu vera meiri.
- ✓ Yfirmenn eiga ekki að festa fólk í sömu störfunum, heldur leyfa því að prófa meira og þjálfá það. Ekki er sanngjarni að ætlast til að fólk kunni störfin fyrirfram.
- ✓ Hærra kaup!
- ✓ Vildi gjarnan búa í Reykjavík.
- ✓ Vinnuálag hefur stóruaukist og einhæfnin er meiri. En við reynum að skipta um störf yfir daginn, það er nauðsynlegt. Ég segi “mjög lítið atvinnuöryggi” (á svarblaðinu) og er þá að vísa t.d. til samruna fyrirtækja.
- ✓ Fiskvinnslunámskeið eru ekki síst mikilvæg vegna launanna.
- ✓ Kona á mínum aldri (62ja ára) hefur enga valmöguleika á vinnumarkaði.
- ✓ Ég mun ekki vinna í fiski eftir 5 ár, enda þá komin á aldur.
- ✓ Það mætti gjarnan færa okkur meira á milli starfa. Til dæmis að þær sem eru upp á línu væru stundum settar í þökkun.
- ✓ Launin mættu vera hærri og starfsfólkið mætti fá meira hrós frá yfirmönnum.
- ✓ Yfirmenn mættu hrósa starfsfólki fyrir vel unnin störf.
- ✓ Launin þurfa nauðsynlega að hækka.
- ✓ Bónuskerfið er streituvaldandi. Hvers vegna að leggja áherslu á bónus í stað launahækkunar?
- ✓ Launin eru of lág í þessu starfi.
- ✓ Ég gæti svo sannarlega hugsað mér að flytja og fá nýtt starf.
- ✓ Laun fiskvinnslukvenna eru hræðilega léleg.
- ✓ Langar að flytjast héðan og læra meira.
- ✓ Bónuskerfið dregur úr starfsandanum og er eyðileggjandi.
- ✓ Það mætti vera jákvæðari umræða um fiskvinnslu í þjóðfélaginu. Þetta er nú ein aðaltekjulind þjóðarinnar í gjaldeyri – og fólk sem vinnur við fisk hugsar líka, ekki bara þeir sem lokið hafa langskólanámi.

Viðauki 2

- ✓ Með meiri íslenskukunnáttu verða kannski möguleikar mínir á að fá vinnu meiri.
- ✓ Það myndi draga úr streitu ef einstaklingsbónusinn yrði aflagður.
- ✓ Launin mættu svo sannarlega vera hærri.
- ✓ Ef maður veltir fyrir sér framtíðarhorfum fiskvinnslunnar, þá má segja að við séum síðustu “móhíkanarnir” hér. Endurnýjun í lagið er mjög lítil. Ætli vinnslan verði ekki öll meira eða minna komin á sjó eftir nokkur ár.
- ✓ Hærri laun takk!
- ✓ Einstaklingsbónusinn kallar á meira stress en hópbónusinn, og ekki verðum við í eftirlitinu vinsælli. Það má vel athuga það, að unga fólkið sækir ekki í svona störf til frambúðar.
- ✓ Hærri laun gætu gert starfið eftirsóknarverðara.
- ✓ Ef ég læri íslenskuna betur, þá hljóta atvinnumöguleikar mínir að aukast. Ég hugsa sem svo, að ekki getur störfum hafa fækkað mjög mikið í fiskinum, þegar útlendingar geta fengið þar næga vinnu.
- ✓ Þegar ég hef lært meiri íslensku get ég vonandi fengið annað starf, t.d. á spítalanum.
- ✓ Vonandi mun ég ekki starfa við fiskvinnsluna eftir 5 ár. Launin eiga ekki að vera það lág, að maður þurfi að hysja þau upp með yfirvinnu.
- ✓ Ég er yfirleitt mjög ánægð í mínu starfi, en launin mættu auðvitað vera hærri.
- ✓ Ég tel að viðhorf til fiskvinnslu sé frekar jákvætt hér í bænum. Fólk skilur mikilvægi þessara starfa.
- ✓ Ég stefni á nám í framtíðinni og lít því ekki á fiskvinnslu sem mitt framtíðarstarf.
- ✓ Ég finn ekki fyrir neikvæðu viðhorfi til fiskvinnslu - alls ekki. En launin mættu gjarnan vera hærri.
- ✓ Með aukinni vélvæðingu þarf að forðast að gera starfsfólkið líka vélrænt. Fiskvinnslan getur ekki talist skapandi starf. Vonandi verð ég ekki í þessu starfi til frambúðar.
- ✓ Ég segi bara hærri laun!
- ✓ Því miður verð ég trúlega enn starfandi við fiskvinnslu eftir 5 ár.
- ✓ Kann vel við mig hér í bænum, vil ekki flytja, en vildi gjarnan hafa aðra vinnu.

Viðauki 2

- ✓ Það er ágætt að vinna í fiski, en ekki endilega um alla framtíð.
- ✓ Mig langar að segja mjög margt. Til dæmis að augin vél- og tæknivæðing gerir fiskvinnslustörf hræðilega vélræn og krefjast því ekki mikillar hugsunar. En að rótera á milli starfa dregur úr einhæfninni og er því jákvætt. – Vildi gjarnan að samstarfsmenn mínir aðgreindu mig í minna mæli sem útlending. Ég er reyndar ekki íslensk, en ég er manneskja samt sem áður.
- ✓ Fiskvinnsla er óhreint og erfitt starf og ekki er greitt nógu hátt kaup í samræmi við það. Bónusinn burt og herra tímakaup.
- ✓ Við þurfum herra kaup til að komast af!
- ✓ Að tekið sé meira tillit til starfsmanna og að þeir séu virtir sem manneskjur.
- ✓ Launin eru of lág miðað við vinnuálag.
- ✓ Það mætti huga betur að aðstæðum fiskvinnslukvenna á vinnustað.
- ✓ Fyrirtækið ætti að meta mannauðinn meira. Fyrirtækið er ekki sterkara en starfsmennirnir eru.
- ✓ Hef aðeins sótt eitt fiskvinnslunámskeið á 10 árum. Mætti gjarnan vera reyklaus kaffistofa hér á vinnustaðnum.
- ✓ Kaupið er og lágt.
- ✓ Hærri laun!
- ✓ Er óánægð með launin - skiljanlega.
- ✓ Mér finnst fiskvinnslunámskeiðin ekki skila sér nógu vel, vantar að sjá árangurinn.
- ✓ Launin eru of lág, ekki í samræmi við vinnuálagið.
- ✓ Yfirmenn gætu verið duglegri að hrósa fólki fyrir góð vinnubrögð.
- ✓ Fjölbreytni í mataræði mætti vera meiri hér í kaffitímum.
- ✓ Það er allt í lagi að vinna í fiski.
- ✓ Ráðamenn þjóðarinnar ættu að vinna eins og eitt ár í fiskvinnslu eða á sjó. Fróðlegt að sjá þá lifa á laununum.
- ✓ Hef ekki hugmynd um viðhorf yfirmanna minna, hvorki varðandi endurmenntun né vinnuframlag mitt, fæ þó athugasemdir ef eitthvað fer miður.
- ✓ Það þarf að endurskoða laun fiskvinnslufólks.

Viðauki 2

- ✓ Ég vil koma því á framfæri, að konur fái hærri laun fyrir vinnuframlag sitt. Þær eru bæði samviskusamar og duglegar til vinnu.
- ✓ Fá ráðamenn þjóðarinnar í fiskvinnslu og athuga hvort þeir komist af á laununum.
- ✓ Viðhorf yfirmanna til endurmenntunar í starfi er e.t.v. frekar hlutlaust en neikvætt. Ath. fólk sem er að kenna á þessum fiskvinnslunámskeiðum veit oft minna en maður sjálfur.
- ✓ Hvað fáum við fiskvinnslukonur svo út úr þessu rugli?
- ✓ Hærri laun!
- ✓ Það má taka meira mark á því, sem konur hafa fram að færa. Konur verði látnar í ábyrgðarstöður jafnt sem karlar - og hærri laun.
- ✓ Má ekki vera að því að gera athugasemdir, tíminn er búinn.
- ✓ Launin hafa snarlækkað. Ég er farin að skammast mín fyrir að segja að ég vinni í fiski. Það er eins og karlmennirnir séu þeir einu sem fá launahækkun og eru hækkaðir upp.
- ✓ Fiskvinnslan hefur enga framtíð fyrir sér.
- ✓ Konur vinna flest verkin, fiskvinnslan sjálf byggist á þeim. Launin eru til skammar.
- ✓ Atvinnurekendur eru tregir til að senda fólk á námskeið og við hækkingum ekki í launaflokkum.
- ✓ Mér finnst að verkstjórnarnir geti líka sent kvenfólk á lyftaranámskeið, ekki bara karlmenn.
- ✓ Verð hætt í fiskvinnslu innan fimm ára vegna aldurs.
- ✓ Mætti vera meira um fræðslu og námskeið tengd fiskvinnslunni. Á 12 árum fór ég einn dag á matsnámskeið og búið (fór s.s. 1986 og aftur 1998).
- ✓ Gera á nám í fiskvinnslu aðgengilegt og hækka kaupið.
- ✓ Mætti endurskoða launin. Hvers vegna vill ungt fólk ekki vinna í fiski?
- ✓ Mér finnst yfirleitt gaman að vinna í fiski og vinnustaðurinn ágætur.
- ✓ Mætti koma á fleiri námskeiðum og hækka launin í samræmi við það. Það er ætlast til að við konurnar, sem erum eldri og reyndari, tökum að okkur nýliðakennslu.

Viðauki 2

- ✓ Það þarf að stórhækka laun í fiskvinnslu til þess að dagvinnan nægi til framfærslu.
- ✓ Ég finn fyrir mismunandi viðhorfum til fiskvinnslustarfa, ekki bara neikvæðum. En vissulega mætti fræða almenning betur um eðli þessarar atvinnugreinar.
- ✓ Mjög gott að vinna í fiski.
- ✓ Því miður fer Íslendingum fækkandi í þessu starfi. Erlenda fólkið samlagast oft illa, sem leiðir til félagslega þvingandi aðstæðna á vinnustað.
- ✓ Hef unnið í fiski í um 40 ár og hef enn ekki náð 500 krónum í grunnkaup á tímann. Bónusinn hjálpar.
- ✓ Mætti sannarlega skoða launahliðina á þessu starfi. Betri laun leiða til meira framboðs á hæfara fólki.
- ✓ Lít bara á þetta sem tímabundið starf.
- ✓ Störfum meðal fiskvinnslukvenna hlýtar að hafa farið fækkandi smám saman. Sjá t.d. meiri vinnslu um borð í skipunum og aukna sjálfvirkni í húsunum.
- ✓ Launin eru of lág. Atvinnuleg einokun á útlendingum, svipað og vistaböndin hér áður fyrr.
- ✓ Ég er að velta fyrir mér avinnumöguleikum. Ég gæti hugsanlega sótt um á dagheimilinu hér á staðnum eða elliheimilinu, þá sjaldan að auglýst er eftir fólki, en fjárhagslega séð borgar það sig ekki.
- ✓ Launin mega vægast sagt vera hærri.
- ✓ Almennt séð finnst mér viðhorf fólks til fiskvinnslu vera full neikvæð. Þetta þykir sem sagt ekki mjög "fint" starf. - Spurningin snýst fyrst og fremst um það hvað manni finnst sjálfum.
- ✓ Hvers vega ekki að hafa umræður á vinnustað um fræðslu, endurmenntun og annað slíkt?
- ✓ Fjölskyldan mun örugglega flytja héðan vegna framhaldsnáms barnanna þegar þar að kemur. Mætti alveg gera átak til að hafa áhrif (til hins betra) á neikvæð viðhorf landans til fiskvinnslustarfa.
- ✓ Er ekki ánægð með launin.
- ✓ Launin eru svona la la, en mættu vera hærri.
- ✓ Fiskvinnsla verður (vonandi) ekki mitt framtíðarstarf.

Viðauki 2

- ✓ Æskilegt væri að gera fiskvinnslufólki kleift að sækja námskeið eða sumarskóla. Þetta er það mikilvæg atvinnugrein, að ástæða er til að auka verðmæti þessara starfa.
- ✓ Það mætti fræða fólk meira um fiskvinnslu og nytsemi hennar. Draga úr því viðhorfi að fiskvinnsla sé síðasta sort.
- ✓ Ég sé fyrir mér að eftir 10 ár verði fiskvinnsla “námsbundið” fag.
- ✓ Mikið hefur maður fyrir laununum.
- ✓ Launin eru skammarlega lág. Eftir 27 ára starf er ég með 86 þúsund krónur í fastalaun, en 110 þúsund með bónusi. Við getum ekki skroppið í útréttingar, t.d. í banka eða á sýsluskrifstofuna, í vinnutímanum eins og margir gera. Bónusvinnan bindur mann við borðið. Að fá að skreppa þýðir að maður þarf að stimpla sig út.
- ✓ Launin eru ekki til að hrópa húrta fyrir og eru í raun allt of lág. Það eru konur sem halda uppi fiskvinnslunni.
- ✓ Bæta má vinnuaðstöðuna hér til að létta fólki (konunum) störfín.
- ✓ Verkstjórar mættu láta vinnuaðstöðu starfsfólks meira til sín taka, vera meðvitaðri. Eins og þegar við erum að lyfta fleiri kílóa kössum langt upp fyrir eigin hæð.
- ✓ Launin eru frekar lág. Maður þarf virkilega að hafa fyrir því að vinna sig upp í bónusi.
- ✓ Einhæfni í starfi er mjög mikil og launin lág.
- ✓ Miðað við vinnuálagið væri æskilegt að hækka launin umtalsvert og það sem fyrst - eða að lækka skatta.
- ✓ Auðvitað vildi maður hafa annað starf.
- ✓ Er óánægð með launin, mikið haft fyrir þeim.
- ✓ Mér finnst vanta mikið upp á að fiskvinnslustarfið sé metið til mannsæmandi launa.
- ✓ Tel að fiskvinnslustarfið hafi orðið léttara með árunum (sjá t.d. í saltfiskinum), en það er ekki endilega skemmtilegra.
- ✓ Að yfirmenn sýni starfsfólki virðingu og muni að kurteisi borgar sig. Þeir mættu meta betur vel unnin störf. Nú er árið 2001 en ekki 1800.
- ✓ Börnin mín segjast ekki ætla að vinna í fiski, þeim finnst það ekki skemmtileg tilhugsun. Svo minnst sé á launin, þá bjargar bónusinn þeim.

Viðauki 2

- ✓ Fiskvinnslukonan fær aldrei neina umbun þó að hún sé stundvís, samviskusöm og dugleg. Þetta er ekki hveljandi starf.
- ✓ Ég byrjaði 12 ára að vinna í síld og er orðin leið á fiskvinnu.
- ✓ Yngra fólk er neikvætt gagnvart þessari vinnu, vantar endurnýjun í greinina. Launin hafa neikvæð áhrif.
- ✓ Ég mæli með því að unga fólk gangi menntavegin, en geri ekki fiskvinnslu að ævistarfi.
- ✓ Fiskvinnslustarfið getur nú aldrei talist eftirsóknarvert starf.
- ✓ Áframhaldandi búseta hér á staðnum er háð atvinnuástandinu.
- ✓ Fiskvinnsla hefur breyst mikið á undanförmum árum.
- ✓ Ég giska nú bara á það að vinnuframlag mitt sé vel metið. Alla vega fæ ég ekki margar kvartanir.
- ✓ Fiskvinnsla - það síðasta sem fólk sækir í nú til dags.
- ✓ Sem útlendingur í þessu landi er maður bara ánægður að hafa vinnu.
- ✓ Auðvitað óskar maður sér betri launa.
- ✓ Vinnan er orðin mjög einhæf og launin frekar lág, sérstaklega fastakaupið.
- ✓ Einn aðalgallinn við vinnuna eru launin, þau eru of lág miðað við álag og pressu og einhæfnin er mikil. - Allir með vöðvabólgu!
- ✓ Ég er ekki úr þessu byggðarlagi og mun flytja héðan fljótlega.
- ✓ Það er tilfinningalga erfitt að vinna í öðru landi, fjarri fjölskyldu og vinum.
- ✓ Ég tala eðlilega bara fyrir mig hér. Einhæfni - fjölbreytni? Með aldrinum hef ég fengist við léttari störf og jafnvel fjölbreyttari, t.d. gripið í þvottinn og farið svona úr einu í annað.

Könnun meðal kvenna í fiskvinnslu

1. Hvert er fæðingarár þitt? _____

2. Hver er hjúskaparstaða þín?
 - Einhleyp
 - Í sambúð
 - Gift
 - Ekkja
 - Fráskilin

3. Hve mörg börn undir 18 ára aldri eru á heimilinu í þinni forsjá? _____

4. Býrðu í eigin húsnæði?
 - Já
 - Nei

5. Hvaða námi hefur þú lokið?
 - Grunnskólaprófi
 - Iðnnámi eða öðru starfsnámi
 - Stúdentsprófi
 - Háskólaprófi
 - Öðru námi, hverju: _____

6. Hvaða starfi gegnir þú innan fyrirtækisins? _____

7. Hvað hefur þú unnið lengi í fiskvinnslu?
_____ ár _____ mánuði

8. Hvað hefur þú unnið lengi í því starfi sem þú gegnir nú innan fyrirtækisins?
_____ ár _____ mánuði

9. Hvert er starfshlutfall þitt? (ertu í fullu starfi, 100%, eða minna)
- Starfshlutfall mitt er 100%
 - Starfshlutfall mitt er á bilinu 60-90%
 - Starfshlutfall mitt er 50%
 - Starfshlutfall mitt er minna en 50%
10. Býður starf þitt upp á sveigjanlegan vinnutíma?
- Oft
 - Stundum
 - Sjaldan
 - Aldrei
11. Hvernig gengur þér að samræma fjölskyldu- og einkalíf gagnvart vinnu?
- Mjög vel
 - Frekar vel
 - Frekar illa
 - Mjög illa
12. Hvernig finnst þér vinnuaðstaða þín vera?
- Mjög góð
 - Frekar góð
 - Frekar slæm
 - Mjög slæm
13. Ert þú almennt ánægð eða óánægð í þínu starfi?
- Ég er almennt mjög ánægð í starfi
 - Ég er almennt frekar ánægð í starfi
 - Ég er almennt frekar óánægð í starfi
 - Ég er almennt mjög óánægð í starfi

14. Finnst þér þú fá stuðning og hvatningu í starfi frá yfirmönnum þínum?
- Oft
 - Stundum
 - Sjaldan
 - Aldrei
15. Finnst þér vinnuframlag þitt vera vel eða illa metið af yfirmönnum þínum?
- Vinnuframlag mitt er mjög vel metið
 - Vinnuframlag mitt er frekar vel metið
 - Vinnuframlag mitt er frekar illa metið
 - Vinnuframlag mitt er mjög illa metið
16. Finnst þér að konur í fiskvinnslu eigi möguleika á að vinna sig upp í starfi?
- Mjög mikla möguleika
 - Frekar mikla möguleika
 - Frekar litla möguleika
 - Mjög litla möguleika
17. Finnst þér þú eiga möguleika á starfsframa á þínum vinnustað?
- Mjög mikla möguleika
 - Frekar mikla möguleika
 - Frekar litla möguleika
 - Mjög litla möguleika
18. Hefur þú sótt námskeið í tengslum við fiskvinnslu?
- Já
 - Nei
19. Finnst þér mikilvægt að fá tækifæri til að efla þekkingu þína og færni í fiskvinnslustarfinu?
- Mjög mikilvægt
 - Frekar mikilvægt
 - Lítið mikilvægt
 - Ekki mikilvægt

20. Finnst þér viðhorf yfirmanna þinna vera jákvætt eða neikvætt til þjálfunar og endurmenntunar í starfi?

- Mjög jákvætt
- Frekar jákvætt
- Frekar neikvætt
- Mjög neikvætt

21. Átt þú mikla eða litla möguleika á endurmenntun miðað við núverandi aðstæður þínar?

- Mjög mikla möguleika
- Frekar mikla möguleika
- Frekar litla möguleika
- Mjög litla möguleika

21.b Ef svarað er frekar litla eða mjög litla möguleika: Hvers vegna?

22. Gætir þú hugsað þér að sækja námskeið í einhverju fagi/fögum til að auka valmöguleika þína varðandi atvinnu?

- Já - ef já í hvaða fagi/fögum _____
- Nei

23. Aukin tækni hefur haft í för með sér breytingar á störfum kvenna innan fiskvinnslunnar. Ert þú sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingum:

A. Fiskvinnslustarfið er eftirsóknarverðara en áður.

- Já
- Nei

B. Starfsánægja er meiri en áður.

- Já
- Nei

C. Líkamlegt erfiði er minna.

- Já
- Nei

D. Andlegt álag er minna.

- Já
- Nei

E. Einhæfni í starfi er minni.

- Já
- Nei

F. Störfum hefur fækkað meðal fiskvinnslukvenna.

- Já
- Nei

24. Finnst þér þú búa við mikið eða lítið atvinnuöryggi?

- Mjög mikið
- Frekar mikið
- Frekar lítið
- Mjög lítið

25. Telur þú líklegt eða ólíklegt að þú munir starfa innan fiskvinnslunnar eftir 5 ár?

- Mjög líklegt
- Frekar líklegt
- Frekar ólíklegt
- Mjög ólíklegt

26. Finnst þér þú hafa valmöguleika á atvinnu innan þíns byggðarlags?

- Mjög mikla valmöguleika
- Frekar mikla valmöguleika
- Frekar litla valmöguleika
- Mjög litla valmöguleika

27. Telur þú líklegt eða ólíklegt að þú munir á næstu fimm árum flytja úr núverandi byggðarlagi þínu?

- Mjög líklegt
- Frekar líklegt
- Frekar ólíklegt
- Mjög ólíklegt

28. Vilt þú koma einhverju sérstöku á framfæri í lokin?

Kærar þakkir fyrir þátttöku þína í þessari könnun!